

Nefndasvið Alþingis
b.t. Hildar Edwald

Reykjavík, 26. Október 2018

Umsögn Icelandair ehf um Samgönguáætlun, 172. mál til umsagnar

Forráðamenn Icelandair þakka fyrir það tækifæri að fá að koma með athugasemdir við þetta mikilvæga málefni. Fulltrúar félagsins hafa áhuga á að koma á fund Umhverfis- og samgöngunefnfadar til að skýra nánar þau sjónarmið sem hér koma fram og svara spurningum nefndarmanna.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að vöxtur millilandaflugs til og frá Keflavíkflugvelli hefur verið ævintýrlegur á undangengnum árum. Flug til og frá þeim flugvelli auk tengiflugs gegnum hann er nú ein af undirstöðuatvinnugreinum landsins. Ein af lykilforsendum alls þessa millilandaflugs er að til staðar séu á landinu varaflugvellir sem nýta megi ef Keflavíkflugvöllur lokast af veðri eða öðrum ástæðum. Í dag eru þrír íslenskir flugvellir sem geta nýst sem varaflugvellir en það eru flugvellirnir á Egilsstöðum, á Akureyri og, að takmörkuðu leyti, Reykjavíkflugvöllur.

Á þeim tímum ársins sem mest er flogið má áætla að á sama tímamarki geti verið yfir 30 flugvélar á leið til Keflavíkflugvallar sem allar gera ráð fyrir að nýta flugvelli á Íslandi, aðra en Keflavíkflugvöll, sem varaflugvelli. Vegna nálægðar flugvallanna í Keflavík og Reykjavík geta þau tilfelli komið upp að vindur, skyggni eða skýjahæð sé hamlandi þáttur á báðum flugvöllum og því ekki um aðra varaflugvelli að ræða á landinu en Akureyri og Egilsstaði. Vegna takmarkaðs rýmis á flughlöðum þessara flugvalla er útilokað að þeir geti sinnt hlutverki sínu fyrir allar þær flugvélar sem þyrftu að lenda þar ef slíkar aðstæður sköpuðust. Ljóst er að við slíkar aðstæður getur veruleg hættu skapast.

Það er mat forráðamanna Icelandair að smæð flughlaða og skortur á flugstæðum á flugvöllum á Akureyri og Egilsstöðum sé stærsta ógn við öryggi flug til og frá Íslandi. Miðað við þau gögn sem Icelandair hefur undir höndum og fylgdi boði um umsögn er ekki að sjá að neinu fjármagni skulið varið til þessara mála á árunum 2019-2023. Að okkar mati er slíkt með öllu óforsvaranlegt.

Virðingarfyllt,



Bogi Nils Bogason
F.h. Icelandair